

7. október 2019

B.t. Byggðaráðs Dalabyggðar

Ósk um styrk til Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu.

Helgina 25. -27. október 2019 ætlar Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu að halda sinn árlega Haustfagnað. Þessi hátíð er með stærri menningarviðburðum sem fram fara hér í Dalasýslu. Upphaf Haustfagnaðarins má rekja til héraðssýninga á lambhrútum sem félagið hefur staðið fyrir frá árinu 2005. Árið 2008 stóð svo félagið fyrst fyrir sviðaveislu og hagnýðingakvöldi og hefur hátíðin verið nokkuð óbreytt síðan.

Það kostar mikið að halda svona hátíð og mikið af þessari vinnu fer fram í sjálfboðavinnu. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa styrkt okkur undanfarin ár og gert okkur þannig kleift að halda þessu áfram. En þrátt fyrir allan þennan stuðning er félagið ekki að skila óskaplegum hagnaði, einungis 188.532. kr árið 2018 en árið 2017 var 642.620 kr. tap á rekstri félagsins. Það skiftir okkur því miklu máli að fá stuðning við þennan menningarviðburð.

Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu óskar hér með eftir eftirfarandi styrkjum frá Dalabyggð fyrir Haustfagnað félagsins:

- Niðurfellingu á húsaleigu á Dalabúð (en félagið hefur tekið Dalabúð á leigu fyrir laugardaginn 26. október næstkomandi).
- Útvegi kamar sem yrði staðsettur á Breiðabólstað á Fellsströnd á meðan hrútasýning og verðlaunaveitingar fara fram laugardaginn 26. október. (Nú í ár verður eingin skemmtun í Reiðhöllinni í Búðardal heldur munum við færa þann viðburð í fjárhúsin á Breiðabólstað).
- Afnot af skjávarpa fyrir bæði föstudaginn 25. október og 26. október.

Með von um góðar undirtektir,

Anna Berglind Halldórsdóttir

Formaður FSD